

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2010/40/ESB

2012/EES/24/10

frá 7. júlí 2010

um ramma um útbreiðslu skynvæðra flutningakerfa á sviði flutninga á vegum og um tengingu þeirra við aðra flutningsmáta (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-
sambandsins, einkum 91. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópu-
sambandsins,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu-
sambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aukning í umfangi flutninga á vegum í Evrópusambandinu í tengslum við vöxt evrópska hagkerfisins og kröfur borgara um hreyfanleika er helsta ástæða aukins umferðarálags á vegagrunnvirki og vaxandi orkunotkunar auk þess að vera uppspretta umhverfislegra og félagslegra vandamála.
- 2) Viðbrögð við þessum krefjandi viðfangsefnum mega ekki takmarkast við hefðbundnar ráðstafanir, m.a. stækkun vegaflytningagrunnvirkja sem fyrir eru. Nýsköpun mun gegna mikilvægu hlutverki við að finna viðeigandi lausnir fyrir Evrópusambandið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2011 frá 30. september 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 65, 1.12.2011, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 277, 17.11.2009, bls. 85.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 23. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), afstaða ráðsins frá 10. maí 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), afstaða Evrópuþingsins frá 6. júlí 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

- 3) Skynvædd flutningakerfi (Intelligent Transport Systems, ITS) eru háþróaður notkunarhugbúnaður sem, án þess að í honum felist greind í sjálfu sér, miðar að því að veita nýbreytni í þjónustu, að því er varðar mismunandi flutningsmáta og umferðarstjórnun, ásamt því að gera hinum ýmsu notendum kleift að vera betur upplýstir og nýta sér flutninganet á öruggari, samræmdari og „skynsamlegri“ hátt.

- 4) Skynvædd flutningakerfi samþætta fjarskipta-, rafeinda- og upplýsingatækni við flutningaverkfræði til að skipuleggja, hanna, starfrækja, viðhalda og stjórna flutningakerfum. Beiting upplýsinga- og fjarskiptatækni á flutninga á vegum og tengingar þeirra við aðra flutningsmáta mun hafa umtalsverð áhrif til að bæta vistvænleika, skilvirkni, þ.m.t. orkunýtni, öryggi og vernd flutninga á vegum, þ.m.t. flutningur hættulegs farms, almannaöryggi og hreyfanleiki farþega og farms, en á sama tíma að tryggja starfsemi innri markaðarins og auka samkeppnishæfni og atvinnusköpun. Verkbúnaður fyrir skynvædd flutningakerfi skal þó ekki hafa áhrif á málefni sem varða þjóðaröryggi eða sem eru nauðsynleg vegna varnarmála.

- 5) Framfarir á sviði beitingar upplýsinga- og fjarskiptatækni á aðra flutningsmáta ættu nú að vera farnar að sjást í þróun í flutningum á vegum, einkum hvað viðkemur því að tryggja meiri samþættingu milli flutninga á vegum og annarra flutningsmáta.

- 6) Í sumum aðildarríkjum er þessi tækni nú þegar nýtt í flutningum á vegum. Hins vegar er þessi útbreiðsla enn sundurlaus og ósamræmd og ekki er hægt að veita skynvædda flutningakerfisþjónustu sem er landfræðilega samfelld alls staðar í Evrópusambandinu og við ytri landamæri þess.

- 7) Til að tryggja samræmda og skilvirka útbreiðslu skynvæðra flutningakerfa innan alls Sambandsins skal innleiða forskriftir, þ.m.t. eftir því sem við á, staðlar, þar sem frekari ítarleg ákvæði og málsmeðferðarreglur eru skilgreind. Áður en framkvæmdastjórnin samþykkir forskriftir skal hún meta samræmi þeirra við tilteknar meginreglur sem settar eru fram í II. viðauka. Til að byrja með skal setja fjögur aðalsvið þróunar og útbreiðslu skynvæðra flutningakerfa í forgang. Innan þessara fjögurra sviða þarf að ákveða forgangsáðgerðir vegna þróunar og notkunar á forskriftum og stöðlum. Við nánari framkvæmd skynvæðra flutningakerfa skal tekið tillit til grunnvirkja skynvæðra flutningakerfa sem fyrir eru og tiltekið aðildarríki hefur breitt út, að því er varðar tæknilegar framfarir og þær fjárhagslegu áðgerðir sem ráðist hefur verið í.
- 8) Þegar lagagerð er samþykkt, eins og um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar, skal breyta öðrum málslið 1. mgr. 5. gr. til samræmis við það.
- 9) Við gerð forskriftanna skal m.a. taka tillit til reynslu og niðurstaðna sem þegar hafa náðst á sviði skynvæðra flutningakerfa og byggjast á þeirri reynslu, einkum í tengslum við framtaksverkefnið um rafrænan öryggisbúnað (e. eSafety) sem framkvæmdastjórnin kom á fót í apríl 2002. Framkvæmdastjórnin kom á fót vettvangi um rafrænan öryggisbúnað, sem hluta af þessu framtaksverkefni, til að hvetja til og hrinda í framkvæmd tilmælum til stuðnings þróunar, útbreiðslu og notkunar rafræns öryggisbúnaðar.
- 10) Ökutæki, sem eru einkum notuð vegna sögulegs gildis síns og voru upphaflega skráð og/eða gerðarviðurkennd og/eða tekin í notkun áður en þessi tilskipun og framkvæmdarráðstafanir hennar öðluðust gildi, falla ekki undir reglurnar og málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 11) Skynvædd flutningakerfi skulu byggjast á rekstrar-samhæfðum kerfum sem grundvallast á opnum og opinberum stöðlum sem allir þjónustuveitendur og notendur hafa aðgang að án mismununar.
- 12) Útbreiðsla og notkun verkþúnaðar og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi mun hafa í för með sér vinnslu persónuupplýsinga. Slík vinnsla skal fara fram í samræmi við lög Evrópusambandsins, einkum eins og sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta ⁽²⁾ og þar skal m.a. beita meginreglum um takmörkun vegna tilgangs og um lágmarkun gagna að því er varðar verkþúnað fyrir skynvædd flutningakerfi.
- 13) Fylgja skal þeirri meginreglu að hvetja til nafnleyndar til að efla friðhelgi einkalífsins. Að því er varðar gagnavernd og málefni, sem varða friðhelgi einkalífsins á sviði útbreiðslu verkþúnaðar og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi, skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, enn fremur hafa samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina og óska eftir álit starfshópsins um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga sem komið var á fót með 29. gr. tilskipunar 95/46/EB.
- 14) Útbreiðsla og notkun verkþúnaðar og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi, sérstaklega að því er varðar umferðar- og ferðaupplýsingaþjónustu, mun hafa í för með sér vinnslu og notkun vega-, umferðar- og ferðagagna sem mynda hluta skjala í vörslu opinberra stofnana í aðildarríkjunum. Slík vinnsla og notkun skal vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera ⁽³⁾.
- 15) Í þeim tilvikum sem það á við skulu forskriftirnar innihalda ítarleg ákvæði um aðferðir við mat á samræmi eða nothæfi kerfishluta. Þessi ákvæði skulu byggjast á ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE ⁽⁴⁾, einkum að því er varðar einingar fyrir mismunandi áfanga samræmismatsaðferðanna. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽⁵⁾ er þegar kveðið á um ramma um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hluta þeirra eða tengds búnaðar og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB ⁽⁶⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB ⁽⁷⁾ er mælt fyrir um reglur um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum og dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt og hluta þeirra eða tengds búnaðar. Það væri því tíverknauð að kveða á um samræmismat búnaðar og hugbúnaðar sem fellur undir gildissvið þessara tilskipana. Þótt þessar tilskipanir gildi um búnað sem tengist skynvæddum flutningakerfum og settur er upp í ökutækjum gilda þær ekki um skynvæddan búnað og hugbúnað flutningakerfa að því er varðar ytri vegagrunnvirki. Í slíkum tilvikum er hægt að kveða á um samræmismatsaðferðir í forskriftunum. Slíkar aðferðir skulu takmarkast við það sem nauðsynlegt er í hverju tilviki.

(1) Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

(2) Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

(3) Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90.

(4) Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82.

(5) Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

(6) Stjtið. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.

(7) Stjtið. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

- 16) Að því er varðar verkþúnað og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi, þar sem þörf er á nákvæmri og tryggri tímasetningar- og staðarákvörðunarþjónustu, skal nota grunnvirki sem notast við gervihnetti eða einhverja tækni, sem býður upp á sambærilega nákvæmni, s.s. þá sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 frá 22. desember 2004 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir ⁽¹⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 683/2008 frá 9. júlí 2008 um nánari framkvæmd evrópsku áætlananna um leiðsögu um gervihnött (EGNOS og Galileo) ⁽²⁾.
- 17) Nota skal nýja tækni, s.s. auðkenningu með tíðni fyrir þráðlausar sendingar eða EGNOS/Galileo, til að innleiða verkþúnað fyrir skynvædd flutningakerfi, einkum til að rekja feril og slóð farms á leið sinni og milli mismunandi flutningsmáta.
- 18) Helstu hagsmunaaðilar, s.s. veitendur skynvæddrar flutningakerfisþjónustu, samtök notenda skynvæddra flutningakerfa, rekstraraðilar flutningaþjónustu og aðstöðu, fulltrúar framleiðsluiðnaðar, aðilar vinnumarkaðarins, fagfélög og staðaryfirvöld, skulu hafa tök á að veita framkvæmdastjórninni ráð um viðskiptalega og tæknilega þætti útbreiðslu skynvæddra flutningakerfa innan alls Sambandsins. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin tryggja nána samvinnu við hagsmunaaðila og aðildarríki og koma á fót ráðgjafarhópi um skynvædd flutningakerfi. Starf ráðgjafarhópsins skal unnið á gagnsæjan hátt og niðurstöður þess skulu gerðar aðgengilegar nefndinni sem komið er á fót með þessari tilskipun.
- 19) Tryggja skal samræmd framkvæmdarskilyrði fyrir samþykkt leiðbeininga og ráðstafana sem ekki eru bindandi til að auðvelda samstarf aðildarríkja að því er varðar forgangssvið skynvæddra flutningakerfa og að því er varðar leiðbeiningar um skýrslugjöf aðildarríkjanna og starfsáætlun.
- 20) Samkvæmt 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) skal mæla fyrirfram fyrir um reglur og almennar meginreglur um tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu með reglugerð sem samþykkt er í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Þar til þessi nýja reglugerð verður samþykkt, gildir ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽³⁾ áfram að undanskilinni reglunefndarmeðferðinni með grannskoðun, sem gildir ekki.
- 21) Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja afleiddar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar samþykkt forskrifta. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.
- 22) Til að tryggja samræmda nálgun skal framkvæmdastjórnin tryggja samræmi í starfsemi nefndarinnar sem komið er á fót með þessari tilskipun og nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/52/EB frá 29. apríl 2004 um rekstrarsamhæfi rafræns vegatollskerfis í Bandalaginu ⁽⁴⁾, nefndarinnar sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ⁽⁵⁾, nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2007/46/EB og nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalagsins (INSPIRE) ⁽⁶⁾.
- 23) Þar eð aðildarríkin og/eða einkageirinn geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, sem er að tryggja samræmda og samfellda útbreiðslu rekstrarsamhæfðra, skynvæddra flutningakerfa alls staðar í Evrópusambandinu, og því verður betur náð á vettvangi Evrópusambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Evrópusambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifraðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.
- 24) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Sambandsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari tilskipun er settur rammi til stuðnings samræmdrar og samfelldrar útbreiðslu og notkunar skynvæddra flutningakerfa innan Sambandsins, einkum yfir landamæri milli aðildarríkjanna, og sett fram almenn skilyrði sem nauðsynleg eru í því skyni.
2. Í þessari tilskipun er kveðið á um þróun forskrifta fyrir aðgerðir á forgangssviðunum, sem um getur í 2. gr., og, eftir því sem við á, um þróun nauðsynlegra staðla.
3. Þessi tilskipun gildir um verkþúnað og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi á sviði flutninga á vegum og tengingu þeirra við aðra flutningsmáta án þess að hafa áhrif á málefni sem

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 3, 5.1.2005, bls. 1

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 196, 24.7.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 124.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 370, 31.12.1982, bls. 8

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

varða þjóðaröryggi eða sem eru nauðsynleg vegna varnarmála.

2. gr.

Forgangssvið

1. Að því er varðar þessa tilskipun skulu forgangssvið vegna þróunar og notkunar forskrifta og staðla vera eftirfarandi:

- I. Hagkvæmasta notkun gagna um vegi, umferð og ferðir.
- II. Samfelldni í skynvæddri flutningakerfisþjónustu fyrir umferðar- og farmstjórnun.
- III. Skynvæddur verkúnaður fyrir flutningakerfi að því er varðar umferðaröryggi og vernd.
- IV. Tenging ökutækis við samgöngugrunnvirki.

2. Gildissvið forgangssviða er tilgreint í I. viðauka.

3. gr.

Forgangsaðgerðir

Innan forgangssviðanna skulu forgangsaðgerðir vegna þróunar og notkunar forskrifta og staðla, eins og sett er fram í I. viðauka, vera eftirfarandi:

- a) veiting fjölþátta ferðaupplýsingaþjónustu í innan Evrópusambandsins,
- b) veiting umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan alls Evrópusambandsins,
- c) gögn og málsmeðferðarreglur svo veita meg, þar sem því verður við komið, almennar lágmarksupplýsingar sem tengjast umferðaröryggi án endurgjalds fyrir notendur,
- d) samræmd veiting rekstrarsamhæfðs neyðarnúmers fyrir ökumenn á vegum (e. eCall) innan alls Evrópusambandsins,
- e) veiting upplýsingaþjónustu fyrir örugg og áreiðanleg bílastæði fyrir vörubifreiðar og atvinnuökutæki,
- f) veiting bóknarþjónustu fyrir örugg og áreiðanleg bílastæði fyrir vörubifreiðar og atvinnuökutæki.

4. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „Skynvædd flutningakerfi (ITS)“: kerfi þar sem upplýsinga- og fjarskiptatækni er beitt á sviði flutninga á vegum, þ.m.t. grunnvirki, ökutæki og notendur, og á sviði umferðarstjórnunar og hreyfanleikastjórnunar (e. mobility

management) og á tengingar við aðra flutningsmáta.

- 2) „rekstrarsamhæfi“: geta kerfa og undirliggjandi viðskiptaferla til að skiptast á gögnum og deila upplýsingum og þekkingu,
- 3) „verkbúnaður fyrir skynvædd flutningakerfi“: hagnýtt tæki til að beita skynvæddu flutningakerfi,
- 4) „skynvædd flutningakerfisþjónusta“: veiting verkúnaðar fyrir skynvædd flutningakerfi fyrir tilstuðlan vel skilgreinds skipulags- og rekstrarramma í því skyni að stuðla að öryggi notenda, skilvirkni, þægindum og/eða að auðveldu eða aðstoða við flutninga- og ferðastarfsemi,
- 5) „veitandi skynvæddrar flutningakerfisþjónustu“: veitandi skynvæddrar flutningakerfisþjónustu, hvort sem hann er opinber aðili eða einkaaðili,
- 6) „notandi skynvædds flutningakerfis“: notandi verkúnaðar eða þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi, þ.m.t. ferðamenn, óvarðir vegfarendur, notendur og rekstraraðilar vegasamgöngugrunnvirkja, bílaflotastjórnendur og rekstraraðilar neyðarþjónustu,
- 7) „óvarðir vegfarendur“: vegfarendur, sem nota ekki vélknúin ökutæki, s.s. gangandi vegfarendur og hjólreiðamenn auk bifhjólaökumanna, og þeir sem búa við fötlun eða hreyfihömlun og skerta áttun,
- 8) „flökkutæki“: færanlegt fjarskipta- eða upplýsingatæki sem unnt er að hafa meðferðis í ökutæki til að aðstoða við aksturinn og/eða flutningsaðgerðina,
- 9) „verkvangur“: eining sem er innbyggð eða utan við ökutækið og gerir útbreiðslu, veitingu, notkun og samþættingu verkúnaðar og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi mögulega,
- 10) „högun“: frumdrög að hönnun þar sem skilgreind er uppbygging, virkni og samþætting tiltekins kerfis í því samhengi sem það er að finna,
- 11) „tenging“: búnaður milli kerfa sem hefur að geyma miðilinn sem þau geta tengst og átt samskipti í gegnum,
- 12) „samrýmanleiki“: almenn geta tækis eða kerfis til að vinna með öðru tæki eða kerfi án breytinga,
- 13) „samfelldni í þjónustu“: geta til að tryggja snurðulausa þjónustu á flutninganetum í gervöllu Evrópusambandinu,
- 14) „vegagögn“: gögn um einkenni vegagrunnvirkja, þ.m.t. föst umferðarskilti eða reglufestar öryggiseigindir þeirra,

- 15) „umferðargögn“: eldri gögn og rauntímagögn um einkenni vegumferðar,
- 16) „ferðagögn“: grunn gögn, s.s. tímaáætlanir og gjaldskrár almenningsgangna, sem eru nauðsynlegar þegar fjölþátta ferðaupplýsingar eru veittar áður en ferð hefst og meðan á henni stendur, til að auðvelda skipulagningu ferða, bókanir og breytingar á ferð,
- 17) „forskrift“: bindandi ráðstöfun þar sem mælt er fyrir um ákvæði sem innihalda kröfur, verklagsreglur eða einhverjar aðrar viðeigandi reglur,
- 18) „staðall“: staðall eins og hann er skilgreindur í 6. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða ⁽¹⁾.

5. gr.

Útbreiðsla skynvæðra flutningakerfa

1. Aðildarríki skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að forskriftunum, sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 6. gr., sé beitt í tengslum við verkúnað og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi þegar útbreiðsla þeirra fer fram í samræmi við meginreglurnar í II. viðauka. Þetta er með fyrirvara um rétt hvers aðildarríkis til að ákvarða útbreiðslu slíks verkúnaðar og þjónustu á yfirráðasvæði sínu. Þessi réttur er með fyrirvara um hvers konar lagagerðir sem samþykktar eru samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 6. gr.
2. Aðildarríki skulu einnig sýna viðleitni til samstarfs, að því er varðar forgangssvið, að því tilskildu að engar forskriftir hafi verið samþykktar.

6. gr.

Forskriftir

1. Framkvæmdastjórnin skal byrja á að samþykkja forskriftir sem nauðsynlegar eru til að tryggja samrýmanleika, rekstrarsamhæfi og samfelldni með hliðsjón af útbreiðslu og hagnýtri notkun skynvæðra flutningakerfa fyrir forgangsaðgerðirnar.
2. Framkvæmdastjórnin skal miða að því að samþykkja forskriftir fyrir eina eða fleiri af forgangsaðgerðunum eigi síðar en 27. febrúar 2013.

Eigi síðar en 12 mánuðum eftir samþykkt nauðsynlegra forskripta fyrir forgangsaðgerð skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, að undangengnu mati á áhrifum, þ.m.t. kostnaðar- og ábatagreining, leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið í samræmi við 294. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins um útbreiðslu þeirrar forgangsaðgerðar.

3. Þegar nauðsynlegar forskriftir fyrir forgangsaðgerðir hafa verið samþykktar skal framkvæmdastjórnin samþykkja forskriftir sem tryggja samrýmanleika, rekstrarsamhæfi og samfelldni með hliðsjón af útbreiðslu og hagnýtri notkun skynvæðra flutningakerfa fyrir aðrar aðgerðir á forgangssviðunum.

4. Þar sem við á og með hliðsjón af svæðinu sem forskriftin tekur til, skal hún innihalda eina eða fleiri eftirfarandi gerðir ákvæða:

- a) ákvæði um starfssvið sem lýsa hlutverkum hinna ýmsu hagsmunaaðila og upplýsingastreymi þeirra á milli,
- b) tæknileg ákvæði sem kveða á um tæknilegar leiðir til að uppfylla ákvæði um starfssvið,
- c) skipulagsleg ákvæði sem lýsa þeim kvöðum um málsmeðferð sem hinir ýmsu hagsmunaaðilar verða að standa við,
- d) þjónustuákvæði sem lýsa hinum ýmsu þjónustugum og innihaldi þeirra með hliðsjón af verkúnaði og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi.

5. Með fyrirvara um málsmeðferðarreglur samkvæmt tilskipun 98/34/EB skal í forskriftum, eftir því sem við á, mæla fyrir um skilyrðin fyrir því að aðildarríki geti, eftir að hafa tilkynnt það framkvæmdastjórninni, sett viðbótarreglur um veitingu skynvæðra flutningakerfisþjónustu á hluta af eða öllu yfirráðasvæði þeirra, að því tilskildu að þessar reglur hindri ekki rekstrarsamhæfi.

6. Forskriftirnar skulu, eftir því sem við á, vera byggðar á hvers konar stöðlum sem um getur í 8. gr.

Í forskriftunum skal, eins og við á, kveðið á um samræmistat í samræmi við ákvörðun nr. 768/2008/EB.

Forskriftirnar skulu samrýmast meginreglunum sem settar eru fram í II. viðauka.

7. Framkvæmastjórnin skal láta fara fram mat á áhrifum, þ.m.t. kostnaðar- og ábatagreining, áður en forskriftirnar eru samþykktar.

7. gr.

Afleiddar gerðir

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja afleiddar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar forskriftir. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja afleiddar gerðir í samræmi við viðkomandi ákvæði þessarar tilskipunar, einkum 6. gr. og II. viðauka.

2. Samþykkja skal sérstaka afleidda gerð fyrir hverja forgangsaðgerð.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

3. Sú málsmeðferð sem sett er fram í 12., 13. og 14. gr., gildir fyrir afleiddu gerðirnar sem um getur í þessari grein.

8. gr.

Staðlar

1. Þróa skal nauðsynlega staðla á forgangssviðunum og fyrir forgangsaðgerðirnar til að kveða á um samrýmanleika, samhæfi og samfelldni með hliðsjón af útbreiðslu og hagnýtri notkun skynvæðra flutningakerfa. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við nefndina, sem um getur í 15. gr., fara fram á það að viðkomandi staðlastofnanir, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í tilskipun 98/34/EB, geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að samþykkja þessa staðla með hraði.

2. Þegar staðlastofnunum er veitt umboð skal hlíta meginreglunum, sem settar eru fram í II. viðauka, auk ákvæða um starfssvið sem er að finna í forskrift sem er samþykkt í samræmi við 6. gr.

9. gr.

Ráðstafanir sem eru ekki bindandi

Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja viðmiðunarreglur og aðrar ráðstafanir sem eru ekki bindandi í því skyni að greiða fyrir samstarfi aðildarríkjanna að því er varðar forgangssviðin í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 15. gr.

10. gr.

Reglur um friðhelgi einkalífs, öryggi og endurnotkun upplýsinga

1. Aðildarríkin skulu tryggja að vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við rekstur verkbúnaðar og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi fari fram í samræmi við reglur Sambandsins um verndun grundvallarréttinda og frelsis einstaklinga, einkum tilskipanirnar 95/46/EB og 2002/58/EB.

2. Einkum skulu aðildarríkin tryggja að persónuupplýsingar séu verndaðar gegn misnotkun, þ.m.t. ólöglegur aðgangur, breytingar eða tap.

3. Með fyrirvara um 1. mgr. skal, í því skyni að tryggja friðhelgi einkalífs, hvetja til notkunar nafnlausra gagna, eftir því sem við á, í tengslum við notkun verkbúnaðar og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi.

Með fyrirvara um tilskipun 95/46/EB skal einungis vinna persónuupplýsingar ef sú vinnsla er nauðsynleg í tengslum við notkun verkbúnaðar og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi.

4. Að því er varðar beitingu tilskipunar 95/46/EB, einkum

þegar um er að ræða sérstaka flokka persónuupplýsinga, skulu aðildarríkin einnig tryggja að ákvæði um samþykki fyrir vinnslu slíkra persónuupplýsinga séu virt.

5. Tilskipun 2003/98/EB skal gilda.

11. gr.

Reglur um bótaábyrgð

Aðildarríki skulu tryggja að fjallað sé um málefni, sem tengjast bótaábyrgð varðandi útbreiðslu og notkun verkbúnaðar og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi, sem sett er fram í forskriftum sem samþykktar eru í samræmi við 6. gr., í samræmi við lög Sambandsins, þ.m.t. einkum tilskipun ráðsins 85/374/EBE frá 25. júlí 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum ⁽¹⁾ auk viðkomandi landslöggjafar.

12. gr.

Beiting afleiddra gerða

1. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja afleiddu gerðirnar, sem um getur í 7. gr., í sjö ár frá 27. ágúst 2010. Framkvæmdastjórnin skal gefa skýrslu, að því er varðar framsal valdheimilda, eigi síðar en sex mánuðum áður en fimm ár eru liðin frá 27. ágúst 2010.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir afleidda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu á sama tíma.

3. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja afleiddar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 13. og 14. gr.

13. gr.

Afturköllun framsals

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er heimilt að afturkalla framsal valdheimilda sem um getur í 7. gr.

2. Sú stofnun sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valdheimilda skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina, með hæfilegum fyrirvara, áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða valdheimildir, sem hafa verið framseldar, gætu verið afturkallaðar og hugsanlegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru í ákvörðuninni. Skal hún öðlast gildi tafarlaust, eða síðar, eftir því sem tilgreint

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 210, 7.8.1985, bls. 29.

er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi afleiddra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

14. gr.

Andmæli við afleiddar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið geta andmælt afleiddri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt afleiddri gerð þegar þetta tímabil rennur út, skal hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta afleiddu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef Evrópuþingið og ráðið hafa bæði upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Ef Evrópuþingið eða ráðið andmæla afleiddri gerð öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun sem andmælir afleiddu gerðinni skal gefa upp ástæðurnar fyrir því.

15. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar Evrópsku nefndarinnar um skynvædd flutningakerfi (European ITS Committee, EIC).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

16. gr.

Evrópskur ráðgjafarhópur um skynvædd flutningakerfi

Framkvæmdastjórnin skal koma á fót evrópskum ráðgjafarhópi um skynvædd flutningakerfi til ráðgjafar um viðskiptalega og tæknilega þætti útbreiðslu og notkunar skynvæddra flutningakerfa í Sambandinu. Hópurinn skal skipaður hátt settum full-

trúum viðkomandi veitenda skynvæddrar flutningakerfisþjónustu, samtaka notenda, rekstraraðila flutningaþjónustu og aðstöðu, framleiðsluiðnaðar, aðila vinnumarkaðarins, fagfélaga, staðaryfirvalda og annars viðkomandi vettvangs.

17. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríki skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 27. ágúst 2011, um starfsemi sína og verkefni sem varða forgangssviðin.

2. Aðildarríki skulu veita framkvæmdastjórninni upplýsingar, eigi síðar en 27. ágúst 2012, um aðgerðir sínar á sviði skynvæddra flutningakerfa sem fyrirhugaðar eru á næstu fimm árum.

Leiðbeiningar um skýrslugjöf aðildarríkjanna skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 15. gr.

3. Í kjölfar fyrstu skýrslunnar skulu aðildarríki gefa skýrslu á þriggja ára fresti um framvindu varðandi útbreiðslu aðgerðanna sem um getur í 1. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið á þriggja ára fresti um hvernig framkvæmd þessarar tilskipunar miðar. Skýrslunni skal fylgja greining á virkni og framkvæmd, þ.m.t. fjármagnið sem notað var og þörf var á, skv. 5.–11. gr. og 16. gr., og í henni skal metin þörf á að breyta þessari tilskipun eftir því sem við á.

5. Eigi síðar en 27. febrúar 2011 skal framkvæmdastjórnin samþykkja starfsáætlun í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 15. gr. Starfsáætlunin skal innihalda markmið og dagsetningar fyrir framkvæmd hennar ár hvert og í henni skal lögð til nauðsynleg aðlögun ef þörf er á.

18. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. febrúar 2012.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

19. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

20. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 7. júlí 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

J. BUZEK

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

O. CHASTEL

*I. VIÐAUKI***FORGANGSSVIÐ OG AÐGERÐIR**

(sem um getur í 2. og 3. gr.)

– Forgangssvið I: Ákjósanlegasta notkun gagna um vegi, umferð og ferðir

Forskriftir og staðlar um ákjósanlegustu notkun gagna um vegi, umferð og ferðir skulu innihalda:

1. Forskriftir um forgangsaðgerð a)

Skilgreiningu á kröfum sem nauðsynlegar eru til að gera fjölþátta ferðaupplýsingaþjónustu innan alls Evrópusambandsins nákvæma og tiltæka notendum skynvæðra flutningakerfa yfir landamæri, byggt á:

- tiltækileika og aðgengi veitenda skynvæðrar flutningakerfisþjónustu að fyrirbyggjandi og nákvæmum vegagögnum og rauntímaumferðargögnum sem notuð eru í fjölþátta ferðaupplýsingum, sbr. þó takmarkanir tengdar öryggi og umferðarstjórnun,
- því að auðvelda skipti á rafrænum gögnum milli viðkomandi opinberra yfirvalda og hagsmunaaðila og viðkomandi veitenda skynvæðrar flutningakerfisþjónustu yfir landamæri,
- tímanlegri uppfærslu viðkomandi opinberra yfirvalda og hagsmunaaðila á tiltækum vega- og umferðargögnum sem notuð eru í fjölþátta ferðaupplýsingum,
- tímanlegri uppfærslu veitenda skynvæðrar flutningakerfisþjónustu á fjölþátta ferðaupplýsingum.

2. Forskriftir fyrir forgangsaðgerð b)

Skilgreiningu á kröfum sem nauðsynlegar eru til að rauntímaupplýsingaþjónusta um umferð innan alls Evrópusambandsins sé nákvæm og tiltæk notendum skynvæðra flutningakerfa yfir landamæri, byggt á:

- tiltækileika og aðgengi veitenda skynvæðrar flutningakerfisþjónustu að fyrirbyggjandi og nákvæmum vegagögnum og rauntímaumferðargögnum sem notuð eru í rauntímaupplýsingum um umferð, sbr. þó takmarkanir tengdar öryggi og umferðarstjórnun,
- því að auðvelda skipti á rafrænum gögnum milli viðkomandi opinberra yfirvalda og hagsmunaaðila og viðkomandi veitenda skynvæðrar flutningakerfisþjónustu yfir landamæri,
- tímanlegri uppfærslu viðkomandi opinberra yfirvalda og hagsmunaaðila á tiltækum vega- og umferðargögnum sem notuð eru í rauntímaupplýsingum um umferð,
- tímanlegri uppfærslu veitenda skynvæðrar flutningakerfisþjónustu á rauntímaupplýsingum um umferð.

3. Forskriftir fyrir forgangsaðgerðir a) og b)**3.1. Skilgreiningu á nauðsynlegum kröfum um öflun viðkomandi opinberra yfirvalda og/eða, þar sem við á, einkageirans, á vega- og umferðargögnum (þ.e. umferðaráætlanir, umferðarreglur og leiðir sem mælt er með, m.a. fyrir þungaflutningabifreiðar) og miðlun þeirra til veitenda skynvæðrar flutningakerfisþjónustu, byggt á:**

- því hversu tiltæk fyrirbyggjandi vega- og umferðargögn (þ.e. umferðaráætlanir, umferðarreglur og leiðir sem mælt er með), sem viðkomandi opinber yfirvöld og/eða einkageirinn hefur aflað, eru veitendum skynvæðrar flutningakerfisþjónustu,
- því að auðvelda skipti á rafrænum gögnum milli viðkomandi opinberra yfirvalda og veitenda skynvæðrar flutningakerfisþjónustu,
- tímanlegri uppfærslu viðkomandi opinberra yfirvalda og/eða, þar sem við á, einkageirans á vega- og umferðargögnum (þ.e. umferðaráætlanir, umferðarreglur og leiðir sem mælt er með),
- tímanlegri uppfærslu veitenda skynvæðrar flutningakerfisþjónustu á verkbúnaði og þjónustu fyrir skynvæð flutningakerfi sem notar þessi vega- og umferðargögn.

3.2. Skilgreiningu á nauðsynlegum kröfum til að gera vega-, umferðar- og flutningaþjónustugögn, sem notuð eru fyrir stafræn kort, nákvæm og tiltæk, þar sem því verður við komið, fyrir framleiðendur stafrænna korta og þjónustuveitendur, byggt á:

- tiltækileika fyrirleggjandi vega- og umferðargagna, sem notuð eru fyrir stafræn kort, fyrir framleiðendur stafrænna korta og þjónustuveitendur,
- því að auðvelda skipti á rafrænum gögnum milli viðkomandi opinberra yfirvalda og hagsmunaaðila og framleiðenda stafrænna korta og þjónustuveitenda í einkageiranum,
- tímanlegri uppfærslu viðkomandi opinberra yfirvalda og hagsmunaaðila á vega- og umferðargögnum fyrir stafræn kort,
- tímanlegri uppfærslu framleiðenda stafrænna korta og þjónustuveitenda.

4. Forskriftir fyrir forgangsáðgerð c)

Skilgreiningu á lágmarkskröfum um „almennar umferðarupplýsingar“ sem tengjast umferðaröryggi og veittar eru, þar sem því verður við komið, án endurgjalds, öllum notendum, auk lágmarksinnihalds þeirra, byggt á:

- auðkenningu og notkun staðlaðrar skrár yfir atburði í umferðinni sem tengjast öryggi („almenn umferðarskilaboð“) og tilkynna skal notendum skynvæddra flutningakerfa án endurgjalds,
- samrýmanleika og samþættingu „almennra umferðarskilaboða“ við skynvædda flutningakerfisþjónustu fyrir rauntímaumferðarupplýsingar og fjölþátta ferðaupplýsingar.

– **Forgangssvið II: Samfelldni í skynvæddri flutningakerfisþjónustu fyrir umferðar- og farmstjórnun**

Forskriftir og staðlar fyrir samfelldni og rekstrarsamhæfi milli umferðar- og farmstjórnunarþjónustu, einkum í samevrópska flutninganetinu, skulu innihalda eftirfarandi:

1. Forskriftir fyrir aðrar áðgerðir

1.1. Skilgreiningu á nauðsynlegum ráðstöfunum til að þróa ramma fyrir högun skynvæddra flutningakerfa í Evrópusambandinu, þar sem sérstaklega er fjallað um rekstrarsamhæfi í tengslum við skynvædd flutningakerfi, samfelldni þjónustu og þætti varðandi fjölþátta ferðir, þ.m.t. t.d. fjölþátta rekstrarsamhæfð miðasala, og þar sem aðildarríki og lögbær yfirvöld þeirra geta í samstarfi við einkageirann þróað sína eigin högun fyrir skynvædd flutningakerfi til að tryggja hreyfanleika á lands-, svæðis- og staðarvísu.

1.2. Skilgreiningu á nauðsynlegum lágmarkskröfum fyrir samfelldni í skynvæddri flutningakerfisþjónustu, einkum fyrir þjónustu yfir landamæri, við stjórnun á flutningi farþega milli mismunandi flutningamáta, byggt á:

- því að auðvelda rafræn skipti á umferðargögnum og -upplýsingum yfir landamæri, og, eftir því sem við á, milli landsvæða eða milli þéttbýlissvæða og innan þeirra, á milli viðkomandi umferðarupplýsingastöðva/umferðarstjórnstöðva og mismunandi hagsmunaaðila,
- notkun staðlaðs upplýsingastreymis eða umferðartenginga milli viðkomandi umferðarupplýsingastöðva/umferðarstjórnstöðva og mismunandi hagsmunaaðila.

1.3. Skilgreiningu á nauðsynlegum lágmarkskröfum fyrir samfelldni í skynvæddri flutningakerfisþjónustu fyrir farmstjórnun á flutningastofnleiðum og milli mismunandi flutningsmáta, byggt á:

- því að auðvelda rafræn skipti á umferðargögnum og -upplýsingum yfir landamæri, og, eftir því sem við á, milli landsvæða eða milli þéttbýlissvæða og innan þeirra, á milli viðkomandi umferðarupplýsingastöðva/umferðarstjórnstöðva og mismunandi hagsmunaaðila,
- notkun staðlaðs upplýsingastreymis eða umferðartenginga milli viðkomandi umferðarupplýsingastöðva/umferðarstjórnstöðva og mismunandi hagsmunaaðila.

1.4. Skilgreiningu á þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að innleiða verkbúnað fyrir skynvædd flutningakerfi (einkum til að rekja feril og slóð farms á leið sinni og milli mismunandi flutningsmáta) til vöruflutningastjórnunar (e. eFreight), byggt á:

- tiltækileika viðkomandi skynvæddrar flutningakerfistækni að því er varðar hönnuði verkbúnaðar fyrir skynvædd flutningakerfi og hvernig þeir nota þessa tækni,
- samþættingu staðarákvörðunar í umferðarstjórnunartækjum og -stjórnstöðvum.

1.5. Skilgreiningu á þeim tengingum sem nauðsynlegar eru til að tryggja rekstrarsamhæfi og samrýmanleika milli högunar skynvæddra flutningakerfa í þéttbýli og evrópskrar högunar á skynvæddum flutningakerfum, byggt á:

- tiltækileika almenningsgangna, ferðaskipulags, eftirspurnar eftir flutningum, umferðargagna og bílastæðagagna fyrir stjórnstöðvar í þéttbýli og þjónustuveitendur,
- því að auðvelda skipti á rafrænum gögnum milli mismunandi stjórnstöðva í þéttbýli og þjónustuveitenda fyrir almenningsgangur eða einkareknar samgöngur og milli allra hugsanlegra flutningsmáta,
- samþættingu allra viðeigandi gagna og upplýsinga í sameiginlega högun.

– **Forgangssvið III: Verkbúnaður fyrir skynvædd flutningakerfi sem varða umferðaröryggi og umferðarvernd**

Forskriftir og staðlar fyrir verkbúnað fyrir skynvædd flutningakerfi, sem varða umferðaröryggi og umferðarvernd, skulu innihalda eftirfarandi:

1. Forskriftir fyrir forgangsáðgerð d)

Skilgreiningu á nauðsynlegum ráðstöfunum fyrir samræmda veitingu á rekstrarsamhæfðu neyðarnúmeri fyrir ökumenn á vegum innan alls Evrópusambandsins, þ.m.t.:

- tiltækileiki nauðsynlegra skynvæddra flutningakerfisgagna í ökutækjum sem á að skiptast á,
- tiltækileiki nauðsynlegs búnaðar í neyðarstöðvum þar sem tekið er á móti þeim gögnum sem send eru frá ökutækjum,
- að auðvelda skipti á rafrænum gögnum milli ökutækja og neyðarstöðva.

2. Forskriftir fyrir forgangsáðgerð e)

Skilgreiningu á ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að veita upplýsingaþjónustu byggða á skynvæddum flutningakerfum um örugg og áreiðanleg bílastæði fyrir vörubifreiðar og atvinnuökutæki, einkum á þjónustuvæðum og áningarstöðum á vegum, byggt á:

- tiltækileika upplýsinga um bílastæði við vegi fyrir notendur,
- því að auðvelda skipti á rafrænum gögnum milli bílastæða við vegi, miðstöðva og ökutækja.

3. Forskriftir fyrir forgangsáðgerð f)

Skilgreiningu á ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að veita bókunarþjónustu byggða á skynvæddum flutningakerfum fyrir örugg og áreiðanleg stæði fyrir vörubifreiðar og atvinnuökutæki, byggt á:

- tiltækileika upplýsinga um bílastæði við vegi fyrir notendur,
- því að auðvelda skipti á rafrænum gögnum milli bílastæða við vegi, miðstöðva og ökutækja,
- samþættingu viðkomandi tækni tengdri skynvæddum flutningakerfum í bæði ökutækjum og bílastæða-
aðstöðu við vegi til að uppfæra upplýsingar um tiltæk bílastæði vegna bókana.

4. Forskriftir fyrir aðrar aðgerðir
 - 4.1. Skilgreiningu á ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að stuðla að öryggi vegfarenda að því er varðar tengingu milli manns og vélar í ökutækjum og notkun flökkutækja til að aðstoða við aksturinn og/eða flutningsaðgerðina og til að stuðla að öryggi samskiptabúnaðar sem er innbyggður í ökutækið.
 - 4.2. Skilgreiningu á ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að gera allan viðkomandi verkþúnað fyrir skynvædd flutningakerfi öruggari og þægilegri fyrir óvarða vegfarendur.
 - 4.3. Skilgreiningu á ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að samþætta þróuð aðstoðarupplýsingakerfi fyrir ökumann, í ökutækjum og vegagrunnvirkjum sem falla utan gildissviðs tilskipana 2007/46/EB, 2002/24/EB og 2003/37/EB.
- **Forgangssvið IV: Tenging ökutækis við samgöngugrunnvirki**
- Forskriftir og staðlar fyrir tengingu ökutækja við samgöngugrunnvirki skulu innihalda eftirfarandi:
1. Forskriftir fyrir aðrar aðgerðir
 - 1.1. Skilgreiningu á ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að samþætta mismunandi verkþúnaði fyrir skynvædd flutningakerfi á opnum verkvangi í ökutækjum, byggt á:
 - auðkenningu á virknikröfum fyrirbyggjandi eða fyrirhugaðs verkþúnaðar fyrir skynvædd flutningakerfi,
 - skilgreiningu á opinni kerfishögun þar sem skilgreindar eru virkni og tengingar sem eru nauðsynlegir fyrir rekstrarsamhæfi/samtengingu við kerfisgrunnviki og -þúnað,
 - samþættingu nýs eða uppfærðs verkþúnaðar fyrir skynvædd flutningakerfi í framtíðinni þannig að einfalt sé að taka hann í notkun (e. plug and play) á opnum verkvangi í ökutækjum,
 - notkun stöðlunarferlis við að samþykkja högun og forskriftir á opnum verkvangi í ökutækjum.
 - 1.2. Skilgreiningu á ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að ýta undir að kerfi sem vinna saman verði þróuð frekar og tekin í notkun (milli ökutækja innbyrðis, milli ökutækja og grunnvirkja og milli grunnvirkja innbyrðis), byggt á:
 - því að auðvelda gagna- eða upplýsingaskipti milli ökutækja innbyrðis, milli grunnvirkja innbyrðis og milli ökutækja og grunnvirkja,
 - tiltækileika viðeigandi gagna eða upplýsinga sem viðkomandi ökutæki eða aðilar að vegagrunnvirkjum eiga að skiptast á,
 - notkun staðlaðs skilaboðasniðs fyrir gagna- eða upplýsingaskipti milli ökutækis og grunnvirkis,
 - skilgreiningu fjarskiptavirkis fyrir gagna- eða upplýsingaskipti milli ökutækja innbyrðis, milli grunnvirkja innbyrðis og milli ökutækja og grunnvirkja,
 - notkun stöðlunarferla við að samþykkja viðkomandi högun.

II. VIÐAUKI

MEGINREGLUR UM FORSKRIFTIR OG ÚTBREIÐSLU SKYNVÆDDRA FLUTNINGAKERFA

(eins og um getur í 5., 6. og 8. gr.)

Samþykkt forskrifta, útgáfa stöðlunarumboða og val og útbreiðsla verkbúnaðar og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi skal byggjast á mati á þörfum sem tekur til allra viðkomandi hagsmunaaðila og skal samrýmast eftirfarandi meginreglum. Þessar ráðstafanir skulu:

- a) **vera skilvirkar** – hafa óyggjandi hlutverki að gegna við að leysa lykilvandamál sem snerta flutninga á vegum í Evrópu (t.d. að draga úr umferðarálagi, minnka losun, bæta orkunýtni, auka öryggi og vernd, þ.m.t. óvarðir vegfarendur),
- b) **vera kostnaðarhagkvæmar** – hámarka hlutfall kostnaðar miðað við árangur að því er varðar að ná markmiðum,
- c) **vera hóflegar** – kveða á um, eftir því sem við á, mismunandi stig þjónustugæða og útbreiðslu, sem unnt er að ná, að teknu tilliti til staðbundinna, svæðisbundinna, landsbundinna og evrópskra sérkenna,
- d) **stýðja samfelldni í þjónustu** – tryggja snurðulausa þjónustu í öllu Evrópusambandinu, einkum í samevrópska netkerfinu, og, þar sem því verður við komið, á ytri landamærum þess, þegar útbreiðsla skynvæddrar flutningakerfisþjónustu á sér stað; samfelldni í þjónustu skal tryggð á stigi sem hefur verið aðlagð að einkennum flutninganeta sem tengja lönd saman og, eftir því sem við á, svæði og borgir við dreifbýli,
- e) **tryggja rekstrarsamhæfi** – tryggja að kerfi og undirliggjandi viðskiptaferli búi yfir getu til að skiptast á gögnum og deila upplýsingum og þekkingu til að gera kleift að veita skilvirka skynvædda flutningakerfisþjónustu,
- f) **stýðja afturvirkar samrýmanleika** – tryggja, eftir því sem við á, að skynvædd flutningakerfi búi yfir getu til að vinna með fyrirliggjandi kerfum sem hafa sama tilgang, án þess að standa í vegi fyrir þróun nýrrar tækni,
- g) **virða einkenni fyrirliggjandi landsbundinna grunnvirkja og netkerfa** – taka tillit til eðlislags mismunar á einkennum flutninganeta, einkum umfangs umferðar og veðurskilyrða á vegum,
- h) **stuðla að jöfnu aðgengi** – koma ekki í veg fyrir aðgang, eða mismuna óvörðum vegfarendum þegar kemur að aðgengi að verkbúnaði og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi,
- i) **stýðja fullþróaða tækni** – sýna fram á, eftir viðeigandi áhættumat, traustleika nýrra skynvæddra flutningakerfa fyrir tilstuðlan fullnægjandi tækniþróunarstigs og hagnýtingar í rekstri,
- j) **tryggja gæði tímasetninga og staðarákvörðunar** – notkun grunnvirkja sem notast við gervihnetti eða tækni sem býður upp á sambærilega nákvæmni að því er varðar verkbúnað og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi sem þarfnast hnattrænnar, samfelldrar, nákvæmrar og tryggjar tímasetningar- og staðarákvörðunarþjónustu,
- k) **auðvelda fjölþátta flutninga** – taka tillit til samræmingar mismunandi flutningamáta, eftir því sem við á, þegar útbreiðsla skynvæddra flutningakerfa á sér stað,
- l) **virða samræmi** – taka tillit til fyrirliggjandi reglna, stefnumótunar og starfsemi í Evrópusambandinu, sem skiptir máli á sviði skynvæddra flutningakerfa, einkum á sviði stöðlunar.